

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@altingi.is

Ísafirði 22. mars 2019

*Umsögn; tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð
Reykjavíkurlugvallar 86. mál.*

Samgöngu og fjarskiptanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga styður eindregið framkomna þingsályktun nr. 86/149; þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar.

Líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu gegnir Reykjavíkurlugvöllur gríðarlega stóru hlutverki í samgöngukerfi landsmanna:

"Ljóst er að ríkir almannahagsmunir felast í greiðum samgöngum innan lands og að staðsetning flugvallarins og miðstöðvar innanlandsflugs hefur afar mikla þýðingu í því samhengi. Flugvöllurinn gegnir mjög mikilvægu öryggishlutverki fyrir almenning í landinu vegna sjúkra- og neyðarflugs, svo og sem varaflugvöllur. Þá gegnir flugvöllurinn mjög mikilvægu hlutverki í almannavarnakerfi landsins."

Því er afar mikilvægt að landsmenn allir fái um það að segja, hver framtíð þessa samgöngumannvirkis verður.

Stuðningur samgöngunefndar FV við þingsályktunartillöguna er í samræmi við ályktanir sem gerðar hafa verið á undanförunum árum á Fjórðungsþingum, um flugsamgöngur og almenningssamgöngur, nú síðast 3. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga (sjá viðauka).

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu

Viðauki.

Ályktanir 3. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði 5. og 6. október 2018.

Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægt er að flug sé raunverulegur valkostur fyrir ferðir íbúa. Fjórðungsþing hvetur ríkið til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýtast almenningi. Til dæmis samkvæmt svokallaðri skoskri leið. Þess er vænst að flogið verði til Bíldudals daglega og að minnsta kosti einu sinni í viku verði tvö flug.

Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Þess er krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllunum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Fjórðungsþing styður þingsályktunartillögu þingmanna NV kjördæmis um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum. Bent er á stækkun þjónustusvæðis slíks flugvallar með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði. Nýr flugvöllur er mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum.

Almenningssamgöngur

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 hvetur stjórnvöld til að skoða nýjar lausnir í almenningssamgöngum við endurskoðun samninga við landshlutasamtök sem farið verður í á árinu 2019 til að hægt sé tryggja rekstur slíkrar þjónustu í okkar víðfeðma landi.

Haustþing krefst þess að á árinu 2019 verði framlög til reksturs almenningssamgangna á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga hækkuð verulega til að tryggja, í samvinnu við sveitarfélög, að almenningssamgöngur innan vinnusóknarsvæða verði með nægri tíðni ferða til að nýtast sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Haustþing minnir á að flug er almenningssamgöngur Vestfirðinga og hvetur stjórnvöld til að leita leiða til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýtast almenningi.